

Kæri MH-ingur – bréf frá námsráðgjöfum 19.nóvember 2020

Nú nálgast lokapróf haustannar. Fyrsti prófdagur er mánudagurinn 30. nóvember og verða prófin tekin heima á tölvu.

Athugið að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengdan próftíma þar sem öllum nemendum stendur til boða 50% lengri tími en uppgefinn próftími. Sem dæmi, ef próf er klukkutími þá fá nemendur hálf tíma aukalega til að ljúka prófi.

Ef þú þarft einstaklingsmiðaða þjónustu í prófum þá hringir þú í námsráðgjafa og ræðir málin. Mögulegt er að taka próf inni í MH ef aðstæður heima bjóða ekki upp á að vera þar. Hafðu samband við námsráðgjafa ef þú vilt velja þann möguleika.

Við hvetjum ykkur fyrst og fremst til þess að halda góðu skipulagi. Skráið niður hvernig þið ætlið að skipuleggja næstu daga eða vikur. Eins er gott að skipuleggja lausar stundir sem þið sjáið í dagskránni. Þá getið þið ákveðið að hreyfa ykkur, hringja í ömmu og afa, lesa góða bók eða gera hvað sem ykkur þykir skemmtilegt.

Gangi ykkur vel!

Ásdís, asdisbirgis@mh.is sími 595 5214

Ásthildur, asthildur@mh.is sími 595 5213

Fríður, fridur@mh.is sími 595 5215